



Stjórnarháttayfirlýsing 2021

Vörður líftryggingar

Stjórnarháttayfirlýsing

Varðar líftrygginga hf. fyrir árið 2021

Góðir stjórnarhættir stuðla að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, s.s. starfsmanna félagsins og almennings. Góðir stjórnarhættir leggja ennfremur grunninn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku, með það að markmiði að skapa varanleg verðmæti fyrir félagið og eigendur þess. Stjórn Varðar trygginga hf. („Vörður“) leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega.

Vörður líftryggingar hf. („Vörður líf“) er dótturfélag Varðar trygginga hf. („Varðar“). Vörður líf lýtur sjálfstæðri stjórn sem tekur ákvarðanir um öll meiriháttar málefni félagsins. Vörður líf hefur falið Verði að annast allan daglegan rekstur félagsins á grundvelli útivistunarsamnings. Útivistun nær til allra þátta í rekstri Varðar líf. Þ.á.m. lykilstarfsviða skv. Solvency II og innra eftirlits. Þannig eru engir eiginlegir starfsmenn hjá Verði líf heldur leysa starfsmenn Varðar öll þau daglegu verkefni sem tilheyra rekstri Varðar líf. Stjórnarháttayfirlýsingu þessa og stjórnkerfi félagsins skal skoða í því ljósi og vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Varðar trygginga hf. eftir því sem við á.

Lagarammi um starfsemina og fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Verði líf ber, skv. lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 (vtsl.) að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Félagið tekur mið af *Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja*, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*, 6. útgáfa 2021, eru aðgengilegar á vefsíðunni www.leidbeiningar.is. Lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lög um hlutafélög 2/1995 (hfl.), innihalda einnig sérreglur um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag sem ganga í einhverjum tilfellum lengra en leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi er sett þannig fram að fyrst er fjallað almennt um félagið, stjórn þess og skipulag, síðan eru stjórnarhættir félagsins yfirfarnir og frávik frá leiðbeiningum tilgreind, þegar við á, eins og lög gera ráð fyrir. Grundvöllur góðra stjórnarháttar fyrirtækja er „fylgið eða skýrið“ reglan (e. *comply or explain*) sem leggur þær skyldur á herðar stjórnun, sem fylgja leiðbeiningunum ennfremur að þær útskýri og geri skilmerkilega grein fyrir öllum frávikum frá leiðbeiningunum í stjórnarháttayfirlýsingu.

Félagið vikur að hluta frá leiðbeiningunum varðandi opinbera upplýsingagjöf og hefur þannig hingað til t.d. ekki birt á heimasíðu sinni, upplýsingar um hluthafafundi, þ.m.t. tímasetningar og upplýsingar um framboð til stjórnar. Ekki hefur verið talin sérstök þörf á slíkri upplýsingagjöf enda einungis um að ræða einn eiganda. Í ljósi þessa hefur fyrirkomulagið verið með þeim hætti að upplýsingar eru sendar hluthöfum innan tilskilinna tímamarka og samtímis gerðar aðgengilegar á skrifstofu félagsins eins og lög gera ráð fyrir. Ekki er starfandi tilnefningarnefnd líkt og ákvæði 1.5.1. leiðbeininganna gerir kröfu um, en hlutverk slíkrar nefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu og gæta jafnframt að hagsmunum allra hluthafa. Hér er því um frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti að ræða en ekki hefur þótt ástæða til skipan slíkrar nefndar þar sem eignarhald félagsins er einfalt, einungis einn stór hluthafi og því ekki um það að ræða að gæta þurfi hagsmuna margra. Félagið hefur ekki sett sér stefnu um fjölbreytileika í tengslum við stjórn, framkvæmdastjórn og æðstu stjórnendur líkt og ákvæði 2.9.2 leiðbeininganna gerir kröfu um, en fyrirhugað er að setja slíka stefnu á árinu 2022, hér er því eingöngu um að ræða tímabundið frávik frá leiðbeiningunum.

Vörður líf er hlutafélag og um starfsemi félagsins gilda m.a. vtsl. og hfl. Félagið er váttryggingafélag og er því eftirlitsskyldur aðili sem lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabankans („FME“), sbr. lög nr. 87/1998. Lög og reglur sem varða starfsemi váttryggingafélaga má nálgast m.a. á vefsíðu Seðlabankans, www.sedlabanki.is og á vef Alþingis, www.althingi.is. Vörður er stærsti eigandi Varðar líf og fer með alla hluti fyrir utan einn sem eigandi Varðar, Arion banki hf. fer með.

Samsetning stjórnar og undirnefndir

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Varðar í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 10.mars 2021 og var ný stjórn kjörin. Stjórn Varðar líf samanstendur af þremur stjórnarmönnum og tveimur varamönnum, í samræmi við samþykktir félagsins.

Stjórnarformaður félagsins ber ábyrgð á að boðað sé til stjórnarfunda auk þess sem hann ber ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa og gerir stjórn, eftir atvikum, grein fyrir þeim samskiptum á stjórnarfundum. Stjórnin hefur lögbundnu hlutverki að gegna, en hlutverk hennar er ítarlega skilgreint í gildandi starfsreglum stjórnar. Starfsreglur stjórnar voru uppfærðar á öðrum ársfjórðungi ársins 2021 og og í framhaldinu samþykktar. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vef félagsins, www.vordur.is eins og gert er ráð fyrir í lögum. Stjórnarformaður stýrir stjórnarfundum og eru stjórnarfundargerðir haldnar um það sem gerist á stjórnarfundum og þar bókaðar allar ákvarðanir sem teknar eru. Stjórn var ákvörðunarbær í öllum tilvikum á árinu 2021. Stjórn hélt alls 11 stjórnarfundum á starfsárinu 2021 og mættu allir stjórnarmenn á þá fundi. Samkvæmt starfsreglum skulu fundir haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði. Stjórn félagsins er skipuð aðilum með fjölbreytta reynslu og bakgrunn sem gerir henni kleift að fást við og sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar er það formaður stjórnar sem ber ábyrgð á samskiptum við forstjóra félagsins á milli stjórnarfunda og eftir atvikum aðra starfsmenn félagsins. Formaður stjórnar ber jafnframt ábyrgð á samskiptum við hluthafa. Samskipti við hluthafa fara fyrst og fremst fram á hluthafafundum en stjórnarformaður á þó góð samskipti við eiganda á milli funda en ef slík samskipti eiga sér stað er greint frá þeim á stjórnarfundum.

Stjórn Varðar líf framkvæmir árlega árangursmat þar sem hún metur m.a störf sín, nauðsynlegan fjölda stjórnarmanna, samsetningu stjórnar m.t.t reynslu og hæfni, verklag og starfshætti, frammistöðu forstjóra, árangur sinn sem og störf undirnefnda. Tilgangur slíks árangursmats er að hjálpa stjórnarformanni og stjórn að meta skilvirkni starfa sinna ásamt því að vinna að framþróun og umbótum í störfum stjórnarinnar. Árangursmati er þannig ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar.

Stjórn Varðar líf var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu 2021-2022; Benedikt Olgeirsson, stjórnarformaður, Iðá Brá Benediktsdóttir, varaformaður og Ingibjörg Arnarsdóttir. Varamenn voru kjörnir á aðalfundi félagsins; Ásgerður H. Sveinsdóttir og Þorvarður Sæmundsson. Stjórnina skipa því tvær konur og einn karl og er ákvæði 63. gr. hfl. um kynjahlutföll stjórnar virt að fullu.

Benedikt Olgeirsson, fæddur 4. október árið 1961. Benedikt var fyrst kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2017 og gegnir stjórnarformennsku í Verði og Verði líftryggingum hf. Hann er ekki hluthafi í Verði líf. og er óháður stjórnarmaður. Benedikt situr í starfskjaranefnd Varðar og gegnir þar formennsku. Benedikt lauk meistaraþrófi í framkvæmdaverkfræði og verkefnastjórnun hjá University of Washington í Seattle árið 1987. Benedikt lauk prófi í byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Benedikt er sjálfstætt starfandi. Hann hefur m.a. starfað sem framkvæmdastjóri þróunar hjá Landsspítalanum, aðstoðarforstjóri Landspítalans, framkvæmdastjóri hjá Atorku hf. og framkvæmdastjóri Parlogis ehf. Hann hefur jafnframt starfað sem stjórnandi hjá Eimskip auk þess að hafa setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s. Arion banka hf., Promens hf., Icepharma hf., Parlogis ehf. og InterBulk Group sem var skráð í Kauphöllinni í London.

Iðá Brá Benediktsdóttir, fædd 10. nóvember árið 1976. Iðá Brá var fyrst kjörin í stjórn félagsins á aðalfundi þess í mars 2021 og gegnir hún varaformennsku. Áður var hún varaformaður stjórnar Varðar trygginga hf. Iðá Brá er starfsmaður eiganda og telst því *háður* stjórnarmaður. Iðá Brá lauk viðskiptafræðigráðu (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands 1999. Lauk MSc í fjármálum frá Erasmus Graduate School of Business í Hollandi og prófi í verbréfiðskiptum. Iðá Brá starfar sem framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá 2017 og hefur starfað hjá Arion banka frá árinu 1999. Þar hefur hún sinnt ýmsum störfum svo sem framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs og forstöðumaður einkabankaþjónustu. Hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja; Sparisjóðs Ólafsfjarðar, AFL sparisjóðs, fasteignafélagsins Landsfesta og HB Granda hf. og Stoða.

Ingibjörg Arnarsdóttir, fædd 13. febrúar 1971. Var kjörin í stjórn Varðar líftrygginga hf. á hluthafafundi í október 2016 í kjölfar eigendaskipta og endurkjörinn á aðalfundi félagsins 2017. Sat jafnframt í endurskoðunarnefnd Varðar og Varðar líf frá nóvember 2016 fram til ágúst 2017 þegar hún sagði sig úr stjórn félagsins. Endurkjörin í stjórn Varðar líf á aðalfundi 2018. Ingibjörg hefur setið í endurskoðunarnefnd Varðar og Varðar líf frá árinu 2018 og gegnir nú formennsku í nefndinni. Hefur ekki unnið fyrir félagið önnur verkefni og engin önnur hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila né aðra stóra hluthafa og er *óháður* stjórnarmaður. Ingibjörg er með gráðu í viðskiptafræði (Cand. Oecon) frá Háskóla Íslands og meistaraþróf í fjármálum frá Cass Business School í London frá árinu 2001. Starfar sem framkvæmdastjóri fjármála og mannauðs hjá ISAVIA. Ingibjörg starfaði áður sem framkvæmdastjóri, fjármála, mannauðs og verkefnastjórnar hjá Reiknisstofu bankanna, hjá Valitor sem framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjármála, stjórnunar og mannauðssviðs einnig sem lánastjóri hjá Glitni, framkvæmdastjóri heildverslunar Karls K. Karlssonar og ráðgjafi í upplýsingatæknikerfum fjármála hjá DIT í London. Ingibjörg hefur setið í stjórnnum ýmissa félaga s.s í stjórn Okkar líftrygginga hf.

Upplýsingar um óhæði stjórnarmanna eru sendar hluthöfum fyrir hluthafafund, áður en stjórnarkjör fer fram. Lögum og reglum sem gilda um mat á óhæði stjórnarmanna er fylgt í hvívetna.

Eftirfarandi nefndir eru undirnefndir stjórnar:

- **Endurskoðunarnefnd** er sameiginleg fyrir samstæðuna þ.e Vörð og Vörð líf. Fulltrúar beggja stjórnar sitja í nefndinni en þriðji aðili nefndarinnar er utanaðkomandi og skal stjórn Varðar trygginga tilnefna þann nefndarmann, sbr. starfsreglur stjórnar. Endurskoðunarnefnd skipa; Ingibjörg Arnarsdóttir, formaður f.h. Varðar líftrygginga hf., Guðný Benediktsdóttir f.h. Varðar trygginga hf. og Laufey Gunnarsdóttir, utanaðkomandi sérfræðingur í reikningsskilum. Nefndarmenn uppfylla hæfisskilyrði laga nr. 3/2016, sbr. 108. gr. a. Hlutverk nefndarinnar og helstu verkefni eru skilgreind í starfsreglum nefndarinnar sem endurskoðaðar eru árlega. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Endurskoðunarnefnd hélt 7 fundi á starfsárinu 2021-2022, auk þess sem haldinn var sameiginlegur fundur með stjórn Varðar og Varðar líf ásamt innri og ytri endurskoðendum um innra eftirlit og áhættustýringu. Endurskoðunarnefnd var ákvörðunarbær á öllum fundum og mættu allir nefndarmenn á 6 af 7 fundum.
- **Starfskjaranefnd** er sameiginleg fyrir samstæðuna og skal skipuð þremur mönnum sbr. starfsreglur stjórnar. Starfskjaranefnd skipa; Benedikt Olgeirsson, sem gegnir formennsku og situr f.h. Varðar trygginga hf., Iðna Brá Benediktsdóttir f.h. Varðar líftrygginga hf. og Guðný Benediktsdóttir f.h. Varðar trygginga hf. Stjórn hefur sett starfsreglur fyrir starfskjaranefnd sem yfirfarnar eru árlega en þar eru tilgreind helstu verkefni starfskjaranefndar. Starfskjaranefnd fundaði fimm sinnum á starfsárinu 2021-2022 og mættu allir nefndarmenn á þá fundi. Samkvæmt starfsreglum skal nefndin funda a.m.k. tvisvar á ári. Starfskjaranefnd var ákvörðunarbær á öllum fundum. Starfskjarastefna er í gildi og eru hún yfirfarin árlega og samþykkt á aðalfundi. Bæði starfsreglur starfskjaranefndar og starfskjarastefna eru birtar á heimasíðu félagsins eins og leiðbeiningarnar gera ráð fyrir.

Undirnefndir upplýsa stjórn reglulega um störf sín og verkefni, m.a. munnlega á stjórnarfundum og stjórn hefur einnig aðgang að fundargerðum. Endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd skila árlega skýrslu til stjórnar um helstu verkefni á starfsárinu.

Forstjóri og aðrir stjórnendur

Forstjóri er ráðinn af stjórn félagsins og ber hann ábyrgð á daglegum rekstri gagnvart stjórn og hluthöfum. Honum ber að sjá til þess að rekstur félagsins sé í öllum atriðum samkvæmt lögum og reglum, samþykktum félagsins og ákvörðunum stjórnar. Forstjóri félagsins er Guðmundur Jóhann Jónsson, fæddur 4. nóvember 1959, til heimilis í Kópavogi. Guðmundur Jóhann lauk viðskiptafræði frá Seattle University árið 1985 og MBA námi frá Edinborgarháskóla árið 2000. Á árinu 2021 lauk hann AMP námi frá IESE háskólanum í Barcelona. Guðmundur hefur verið forstjóri Varðar líf frá stofnun þess árið 2009. Guðmundur á engan eignarhlut í félaginu, hvorki beint né í gegnum tengda aðila. Engir kaupréttarsamningar eru við félagið. Guðmundur er stjórnarmaður í Origo hf., og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands. Guðmundur hefur engin sérstök hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa í félaginu.

Guðmundur er eini starfsmaður Varðar líf. Allri annarri starfsemi er úthýst til móðurfélagsins Varðar. Um framkvæmdastjórn félagsins og aðra lykilstarfsmenn vísast til stjórnarháttayfirlýsingar Varðar sem birt er í ársreikningi þess félags og á heimasíðu félagsins www.vordur.is

Innra eftirlit og áhættustýring

Vörður líf hefur gert þjónustusamning við móðurfélag sitt Vörð, þess efnis að Vörður leggur Verði líf til aðstöðu og þjónustu til að viðhalda eðlilegum og skilvirkum rekstri og nær þjónusta Varðar til allra þátta í rekstri Varðar líf m.a. áhættustýringar og innra eftirlits. Frekari upplýsingar um áhættustýringu og innra eftirlit Varðar líf má finna í stjórnarháttayfirlýsingu Varðar sem fylgir ársreikningi Varðar fyrir árið 2021.

Brot á lögum eða reglum, dómar og/eða stjórnvaldsákvarðanir

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingastarfsemi eða löggjöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld, eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi. Engar aðrar ákvarðanir eftirlits- og/eða úrskurðaraðila, um brot á lögum eða reglum, hafa á árinu 2021 varðað starfsemi félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt af stjórn Varðar líf á stjórnarfundi þann 19. janúar 2022.



Vörður tryggingar · Borgartúni 19 · 105 Reykjavík · www.vordur.is